

Eftirfylgni

Farðu yfir launaviðtalið:

- Ertu sátt/ur við launaviðtalið?
- Er forsenda fyrir eðlilegri launaþróun?
- Ef þú telur svo ekki vera ættir þú að huga að öðru starfi.

Hvernig stóðst þú þig í viðtalinu?

- Skrifaðu niður það sem fram kom sem rök gegn launahækkun.
- Athugaðu hvað betur hefði mátt fara í undirbúningnum.
- Haltu gögnum til haga.

Hafðu samband við trúnaðarmann/SV:

- Það er mikilvægt að miðla af reynslu sinni.
- Taktu þátt í kjarakönnun SV.



Hvernig á að undirbúa sig?

Settu þér markmið:

- Settu þér raunhæf markmið varðandi starfsárangur.
- Ræddu þau við yfirmann og notaðu þegar þú ræðir um laun síðar.

- Reyndu að setja mælistiku á starfsárangur:
- Ábyrgð af ýmsu tagi:
 - peningaleg ábyrgð
 - verkefnastjórnun
 - mannaforráð
- Samstarfsvilji, leiðtogahæfileiki o.s.frv.
- Vísindaleg þekking.

Skoðaðu markaðsvirði þitt:

- Berðu laun þín og launaþróun saman við aðra verkfræðinga/starfsmenn.
- Taktu tillit til reynslu og ábyrgðar.
- Leitaðu upplýsinga hjá SV.
- Skoðaðu kjarakannanir og markaðslaunatöflu SV.

Samantekt:

- Reyndu að finna launatölu sem þú sættir þig við og þú telur að hægt sé að rökstyðja.
- Athugaðu möguleika á hlunnindagreiðslum.
- Gerðu þér grein fyrir veikleikum þínum jafnt sem styrk.
- Gættu vandlega að þér ef gerður er fastlaunasamningur.

Launaviðtalið:

Kynntu launakröfur þínar:

- Leggðu fram rökstuddar, skriflegar kröfur.

Árangurstenging:

- Sýndu fram á starfsárangur.
- Hversu vel hefur þér tekist upp og hvernig hefur þú þróað starf þitt til hagsbóta fyrir fyrirtækið?
- Leggðu áherslu á hæfni, ábyrgð og árangur.

Skrifaðu minnispunkta:

- Skrifðu niður það sem samkomulag er um og það sem ekki er samkomulag um. Reyndu að hafa þessi atriði skýr.